

**Sp.**

**550. Fyrirspurnir.**

[275. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um sildarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd.

Frá Stefáni Jónssyni.

- a. Hversu hár er áætlaður kostnaður við endursmið Skagastrandarverksmiðju S.R.?
- b. Hvernig er ætlunin að fjármagna fyrirnefndar framkvæmdir á Skagaströnd?

II. Til sjávarútvegsráðherra um m/s Ísafold.

Frá Stefáni Jónssyni.

- a. Hjá hvaða loðnuverksmiðjum landaði m/s Ísafold afla í vetur.
- b. Hvar greiða útgerðarmenn og áhöfn Ísafoldar opinber gjöld af feng sínum af Íslandsmiðum í vetur?

III. Til sjávarútvegsráðherra um bræðsluskipið Norglobal.

Frá Stefáni Jónssyni.

- a. Hversu háa leigu fengu hinir erlendu eigendur Norglobals frá íslenskum leigutökum í vetur?
- b. Er hægt að draga ályktun um hagnað loðnubræðslanna af greiðslugetu leigutaka Norglobals?

IV. Til landbúnaðarráðherra um höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

- a) Hvenær er að vænta ákvörðunar um það, hvar höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins eiga að vera í framtíðinni?
- b) Hvaða líkur telur ráðherra á því nú, að þær verði fluttar austur að Hallormsstað?